



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 25. febrúar 2020
Tilvísun í mál: R20020211

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Starfshópur um endurskoðun á reglum um tölvunotkun

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á reglum um tölvunotkun. Á meðal verkefna hópsins eru endurskoðun á reglum út frá nýju stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar og þeim laga- og reglubreytingum sem kunna hafa orðið.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt: Drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á reglum um tölvunotkun

ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun á reglum um tölvunotkun

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt

Inngangur:

Í gildi eru hjá Reykjavíkurborg reglur um tölvunotkun. Reglurnar tóku gildi 12. ágúst 2014. Samkvæmt 7.gr. reglnanna skal yfirfara þær þegar þörf krefur, þó ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að endurskoða og uppfæra reglur um tölvunotkun. Þá þarf að leggja mat á hvaða lög og aðrar reglur innan borgarinnar snerta á gildissviði reglnanna með það að markmiði að forðast tvítekningar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Endurskoða reglur um tölvunotkun.
- Yfirfara reglurnar miðað við nýtt stjórnskipulag Reykjavíkurborgar
- Yfirfara reglurnar miðað við laga- og reglubreytingar sem kunna hafa orðið.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Kjartan Kjartansson (formaður), Stoðþjónusta UTR, ÞON.

Dagbjört Jónsdóttir, skrifstofa sviðstjóra, ÞON.

Kári Róman Svavarsson, Tæknirekstur og kerfislausnir UTR, ÞON.

Dagný Einarsdóttir, Tækniþjónsuta UTR, ÞON.

Halla María Árnadóttir, Skjalastýring, ÞON.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Kristín Berg Bergvinsdóttir, Stafræn Reykjavík, ÞON.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni endurskoðuðum reglum fyrir lok 17. apríl 2020.

Reykjavík, 21. febrúar 2020.

Óskar J. Sandholt